

Ársáætlun skólaárið 2021 – 2022

1. Stjórnun og fagleg forysta <u>Gæðaviðmiðin</u>						
Matsverkefni	Ábyrgð	Matstækni	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Hverjir fá Upplýsingar
Öryggisþættir	Skólastjóri og öryggisráð	<ul style="list-style-type: none"> Mætingalistar Slysaskýrslur skoðunarlistar fyrir skólalóð og leiktæki 	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirbyggja slys. Viðbrögð við slysum séu skilvirk. 	<ul style="list-style-type: none"> Sjá öryggis- og viðbragðsáætlun skólans. 	Ágúst - sept	Niðurstöður settar fram í sjálfsmatskýrslu.
Öryggisþættir / Rýming	Skólastjóri og Öryggisráð	Rýmingaráætlun	Að allir starfsmenn og nemendur þekki sitt hlutverk við rýmingu og viðbrögð séu æfð	<ul style="list-style-type: none"> Hafa eina brunaæfingu á ári í samvinnu við slökkvilið svæðisins. Meðlimir öryggisráðs fara yfir slökkvitæki skólans árslega. 	Árlega á mismunandi tímum skólaársins.	Upplýsingagjöf á starfsmannafundi og í sjálfsmatskýrslu.
Tengsl við foreldra	Stjórnendur og Umsjónar-kennarar	<ul style="list-style-type: none"> Samtal umsjónarkennara við foreldra og nemendur. Skólapúls foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> Miðla upplýsingum um líðan nemenda og námslega framvindu. Athuga viðhorf foreldra til skólastarfsins. Litið er á foreldra sem virka þátttakendur um starfsemi skólans. Góð samvinna heimila og skóla sem byggir á trausti, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu (sjá skólanámsskrá bls. 10). 	<ul style="list-style-type: none"> Fundir með foreldrum er reglulegir, a.m.k. tvisvar á ári. Samskipti regluleg í gegnum síma, tölvupóst og Mentor. Vikupóstar sendir út vikulega. Haustfundir. 90% svarenda telja samvinnu heimilis og skóla góða eða mjög góða skv. könnun (sjá Skólapúls) 	Yfir allt árið. Foreldrafundir sept og feb Skólapúls	Nemendur, foreldrar og kennarar / Trúnaðarmál Niðurstöður úr Skólapúls birtar á heimasíðu skólans í maí.
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Stjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> Rafræn könnun um starfsánægju og líðan. Starfsmannasamtal Öryggisráð kannar aðbúnað starfsfólks 	<p>Kanna líðan og starfsánægju starfsfólks.</p> <ul style="list-style-type: none"> Góður starfsandi og líðan á vinnustaðnum. 	<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður starfsmannakönnunar bendir til að starfsánægja og líðan sé mjög góð eða góð (90%) 	maí	Stjórnendur / Trúnaðarmál
Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Innra mats teymi og skólastjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmannakönnun Könnun meðal nýs starfsfólks Skólastjóri leggur mat á störf kennara með skipulögðum hætti tvisvar á ári. 	<ul style="list-style-type: none"> Að skipulag skólans sé skýrt og að öllum megi vera ljóst hvert starfssvið sitt sé. Að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki. Að skólastjórnendur séu faglegir leiðtogar innan skólans. Að samstarf starfsmanna skólans sé byggt á lýðræðislegum forsendum 	<ul style="list-style-type: none"> Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir. Nýjir starfsmenn fá stuðning við að stíga sín fyrstu skref. 	maí	Allir - Birt í sjálfsmatskýrslu júní 2022

				<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður starfsþróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir að minnsta kosti einu sinni á ári. Leitast er við að nýta sérþekkingu starfsmanna sem best í skólastarfinu. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í námi og kennslu og veita endurgjöf. Hrósa fyrir vel unnin störf Uppbyggileg gagnrýni þegar að upp á vantar. 		
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Skólastjórnandi og innra mats teymi	<ul style="list-style-type: none"> Starfsáætlun skólans. Starfsmannakönnun niðurstöður.. Heimasíða; áætlanir Starfsmannastefna 	<ul style="list-style-type: none"> Að skólastjórinn sé fyrirmynd annarra starfsmanna er kemur að endurmenntun. Að starfsfólk treysti stjórn skólans. 	<ul style="list-style-type: none"> Endurmenntun stjórnenda er skýr og þeir miðla til starfsfólks skólans. Skólastjóri hvetur aðra til endurmenntunnar. Mannauður er vel nýttur. Starfsfólki finnst það bera ábyrgð og njóta trausts. Verkefni eru skráð og ábyrgðaraðilar þeirra. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni. 	Apríl-maí	Allir - Birt í sjálfsmatsskýrslu júní 2022
<p>2. Nám og kennsla <u>Gæðaviðmiðin</u></p>						
<i>Matsverkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Matstækni</i>	<i>Markmið</i>	<i>viðmið</i>	<i>Tímarammi</i>	<i>Hverjir fá Upplýsingar</i>
Inntak og námskrá: Skólanámskrá og starfsáætlun	Stjórnendur	Tékklisti	Endurskoða og uppfæra upplýsingar svo hún endurspegli skólastefnu sveitarfélagsins og ríkisins.	Annað hvert ár er skólanámskrá endurskoðuð sem sést skýrt á gildistíma hennar. Í námskrá eru sett fram stefna skólans og markmið með kennsluháttum. Þar þarf að koma fram allir þeir þættir sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá grunnskóla. Námsvísar og áætlanir um nám og kennslu séu aðgengilegar. Starfsáætlun uppfærð árlega og metin á hverju vori. Fundaráætlun fylgir starfsáætlun.	Ágúst - sept	Allir / Birt á heimasíðu skólans og aðgengileg öllum.
Inntak og námskrá: Námsáætlanir	Stjórnendur	Tékklisti	Námsáætlanir allra árganga og faggreina séu aðgengilegar öllum í skólasamfélaginu.	Námsáætlanir séu endurskoðaðar á hverju hausti og sést skýrt á gildistíma þeirra.	Mánaðarmótin sept/okt	Allir – birt á heimasíðu skólans.

Ársáætlun skólaárið 2021 – 2022

Velferð og líðan nemenda	Umsjónar-kennarar og námsráðgjafi	Tengslakönnun lögð fyrir í 1. -10. bekk. Skólapúlsinn	Kanna félagslega stöðu nemenda. Kanna virkni og líðan nemenda sem og skólaandann.	Allir nemendur skólans hafi félagslega tengingu innan hóps. Unnið í samstarfi við námsráðgjafa skólans.	Okt og feb Sept, jan og maí	Nemendur, foreldrar, kennarar / Trúnaðarmál
Námsárangur	Stjórnendur, umsjónar- og faggreina-kennarar	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldraviðtöl • Nemendaviðtöl • Hæfnikort Mentor Skimanir 	Kanna hvort námsmarkmiðum er náð og þá hvernig sé hægt að styðja betur við nemendur í náminu.	<ul style="list-style-type: none"> • Námsmat sé stöðugt yfir árið og sífellt sé verið að meta árangur nemenda. • Unnið sé með niðurstöður námsmats til þess að auka framfarir nemenda. • Niðurstöður sé skráðar á Mentor. Allir nemendur séu alltaf að sýna ásættanlegar framfarir.	Stöðugt yfir árið	Trúnaðarmál; birt nemendum og foreldrum á Mentor / Meðaltöl birt á heimasíðu skólans.
Námsárangur - lestur	Umsjónar-kennarar og kennarar sem sjá um íslenskukennslu	Lesfímipróf.	Ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára.	<ul style="list-style-type: none"> • Framfarir í lestri á milli mælinga séu eðlilegar. • Viðmið um árangur sett skýrt fram í skólanámskrá, 90% nemenda ná viðmiðum 1. 	Lagt fyrir í september, janúar og maí.	Trúnaðarmál; birt nemendum og foreldrum á Mentor / Heildaryfirlit birt í sjálfsmatsskýrslu vor 2022
Kennsla og kennsluhættir	Stjórnendur og kennarar	Skólastjórnendur eru viðstaddir kennslustund hjá hverjum kennara og gefa leiðbeinandi endurgjöf. Jafningjamat og sjálfsmat kennara. Eyðublað frá mms er notað við matið.	<ul style="list-style-type: none"> • Efla kennslu og styðja kennara skólans og þar með starf skólans. • Kennsla og kennsluhættir séu metin reglulega og séu hluti af starfi kennara og stjórnenda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram þrisvar á ári og matslistar GGÓ lagðir til grundvallar. 	október, janúar og apríl	Persónumappa starfsmanna, endurgjöf til kennara. Birt í sjálfsmatsskýrslu.
Kennsluhættir og gæði kennslu	Innra mats teymi	<ul style="list-style-type: none"> • Jafningjamat 2x • Sjálfsmat 2x • Kennsluheimsóknir skólastjórnenda 2x 	Kanna hvort starfshættir starfsfólks skólans endurspeglir sýn og stefnu skólans.	<ul style="list-style-type: none"> • Kennsluhættir eru fjölbreyttir. • Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstíminn er vel nýttur. • Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslu. • Verkefni eru krefjandi. • Námsmat tengist markmiðum náms og tekur mið af kennsluháttum. • Komið er til móts við þarfir allra nemenda. 	Jan - feb	Allir - Birt í sjálfsmatsskýrslu júní 2022
Skipulag náms og námsumhverfi	Innra mats teymi og skólastjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> • Jafningjamat • Kennsluheimsóknir skólastjórnenda • Skólanámskrá 	<ul style="list-style-type: none"> • Að kennarar beri sameiginlega ábyrgð á framförum nemenda. • Að námsaðstæður séu til þess fallnar að sinna einstakligsmiðuðum þörfum 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennarar vinni saman í teyimum, skipuleggi nám og kennslu saman, skapi fjölbreyttar námsaðstæður og skiptist á skoðunum. • Fjölbreyttir kennsluhættir, námsgögn og 	mars	Allir – Birt í sjálfsmatsskýrslu júní 2022

Ársáætlun skólaárið 2021 – 2022

			nemenda. Að nemendur setji mark sitt á námið sitt.	námsmat. • Nemendasamtöl um nám og líðan séu regluleg.		
Námsvitund	Innra mats teymi og skólastjórn	<ul style="list-style-type: none"> • Jafningjamat kennara á virkni nemenda • Viðtöl við nemendur • Nemendakönnun 	<ul style="list-style-type: none"> • Kanna áhuga og virkni nemenda í námi. 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • séu áhugasamir og virkir í námi sínu, • geti sett sér markmið um námsframvindu, • þekki styrkleika sína og geti nýtt í námi. 	Janúar - febrúar	Allir / birt í sjálfsmatsskýrslu vor 2022
Ábyrgð og þátttaka	Innra mats teymi og skólastjórn	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsmannakönnun • Nemendakönnun • Bekkjarsáttmálar og starfsmanna-sáttmálar um vinnufrið og samskipti. • Fundargerðir skólaráðs. 	<ul style="list-style-type: none"> • Athuga hvaða áhrif nemendur hafa á nám sitt, skólastarfið og vinnuaðstöðu og styrkja þá í ábyrgð og þátttöku. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólabragur er jákvæður og allir eru mjög ánægðir eða ánægðir með samskiptin í skólanum. • Nemendalýðræði sést í vinnubrögðum og nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og birtist það í kennsluáætlunum. • Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri; í skólaráði, á bekkjarfundur o.fl. <p>Nemendur upplifa að þeir séu hæfir í fjölbreytt samskipti.</p>	Janúar - febrúar	Allir / birt í sjálfsmatsskýrslu vor 2022